

Samningur milli Hattar og Egilsstaðaskóla undirritaður

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Föstudagur, 26 Nóvember 2010 17:15

Þann 22 nóvember 2010 undirrituðu Sigurlaug Jónasdóttir, skólastjóri Egilsstaðaskóla og Davíð Þór Sigurðarson, formaður Hattar samning þess efnist að nemendur 9. og 10. bekkjar Egilsstaðaskóla fá metið hluta af vali þáttöku sinnar í skipulögðu íþróttastarfi á vegum Hattar.

Markmið samningsins er :

- Að gefa nemendum í 9. og 10. bekk tækifæri á fjölbreyttu vali.
- Að styrkja íþrótt, list- og verkgreinakenndu á grunnskólastigi.
- Að styðja við heilbrigðan lífsstíl með áherslu á að nemendur eigi sér áhugamál sem þeir sinna af alúð.
- Að draga úr brottfalli nemenda úr tómstundastarfi.

Ábyrgð á kenndu og námsmati er í höndum Hattar.

Samningur þessi gildir til eins árs í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef ekki eru gerðar á honum breytingar eða honum sagt upp fyrir apríllok ár hver.